

Nefndasvið Alþingis,
v/sjávarútvegsnefndar,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 14. febrúar 2007.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, mál 459.

Vísað er til bréfs sjávarútvegsnefndar þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða.


Neðangreind samtök eru andvíg úthlutun byggðakvóta enda felst í aðgerðinni mismunun milli sjávarútvegsfyrirtækja þar sem aflaheimildir eru teknar af einum og afhentar öðrum. Um það óréttlæti sem í úthlutun byggðakvóta felst mætti hafa mörg orð en hér verður látið nægja að vísa til dæma þar sem aflaheimildir í bolfiski hafa verið teknar af ákveðnum fyrirtækjum sem hafa átt í áralöngum vanda vegna slæmrar afkomu í rækjuveiðum og rækjuvinnslu og afhentar öðrum fyrirtækjum í sömu sveitarfélögum.

Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir eru lagðar til grundvallarbreytingar á 10. grein laga nr. 116/2006 þar sem m.a. er lagt til að ákvæði 1. tl. 1. mgr. um úthlutun til þeirra fyrirtækja sem verða fyrir áföllum vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda verði fellt út gildi. Við erum þessu alfarið andvíg og leggjum þegar af þeirri ástæðu eindregið til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.


Við teljum jafnframt að aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og varða aðferðir við úthlutun byggðakvóta séu til hins verra og leggjum til að þær verði ekki leiddar í lög.

Virðingarfyllst,


f.h. Landssambands íslenskra
útvegsmanna


Friðrik J. Arngrímsson

f.h. Samtaka atvinnulífsins


Jón H. Magnússon

f.h. Samtaka
fiskvinnslustöðva


Guðbergur Rúnarsson